

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldsvæði 1 í Reykjavík.

Bílastæðanefnd Reykjavíkurborgar ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 6. febrúar 2015 og auglýsir þá ákvörðun hér með tilvísun í 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 13.-15. gr. samþykktar fyrir bílastæðanefnd frá 10. júlí 2014:

Gjaldsvæði 1 verði breytt og afmarkað af Hverfisgötu, Rauðarárstíg, Grettisgötu, Klapparstíg og Skólavörðustíg. Einnig Amtmannsstíg, Lækjargötu, Vonarstræti, Tjarnargötu, Kirkjustræti, Aðalstræti, Vesturgötu, Grófinni, Tryggvagötu og Geirsgötu. Túngata frá Aðalstræti upp að Garðastræti tilheyrir einnig gjaldsvæði 1.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 17. ágúst 2015.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. september 2015